



Otto Bock[®]
QUALITY FOR LIFE

Blizzard



Notendaleiðbeiningar

Trönuhrauni 8
220 Hafnarfjörður
Sími 565 2885 / Fax 565 1423
stod@stod.is / www.stod.is

Að opna hjólastólinn

Losið bakið með því að toga í vírinn (mynd 1).

Dragið bakið aftur þar til það læsist fast að nýju (mynd 2).



Stýringarnar sjá til þess að hliðar stólsins færast sjálfkrafa út í rétta stöðu (mynd 3).

Þrýstið á naf hnappinn (mynd 4) og setjið drifhjólinn upp á öxulinn.

Gætið þess að hjólin sitji rétt og séu vel fest á öxulinn.



Að leggja stólinn saman

Opnið öryggislásinn með því að toga í vírinn (mynd 5). Ýtið bakinu síðan fram þar til það læsist að nýju.

Þrýstið á naf hnappinn (mynd 4) og takið drifhjólin af.




Keyrsluhandföng

Til að fella handfangið niður er þrýst á hnapp sem er undir því, en þegar því er lyft í notkunarstöðu læsist það sjálfkrafa (mynd 26).



Stillingar á fótplötu

Hægt er bæði að stilla vinkel fótplötunnar (mynd 20) og fram og aftur stöðu. Losið skrúfurnar í plötunni og færið hana í óskaða stöðu. Herðir skrúfurnar vel að nýju.



Veltivörn

Veltivörnin (mynd 14) kemur í veg fyrir að hjólastóllinn velti afturyfir sig. Hægt er að lyfta veltivörninni upp með því að ýta á öryggislásinn (mynd 15) og leggja hana upp að hjólöxlinum (mynd 47).



Stillanlegur setdúkur

Hægt er að strekkja á setböndunum með því að fjarlægja sessuna og setdúkinn. Losið upp á riflásnum (mynd 23) á einu bandi í senn og strekkið. Þetta getur dregið úr þrýstingi á læri. Setjið síðan setdúkinn og sessuna á að nýju.



Stillanlegur bakdúkur

Takið af bakdúkinn, losið upp á riflásnum (mynd 24) og strekkið eftir óskum notanda stólsins. Setjið dúkinn á að nýju.



Aurhlífar

Aurhlífarnar (mynd 27) hlífa fötum fyrir slettum og óhreinindum frá drifhjólunum.

Hægt er að breyta hæð aurhlífa með því að losa upp á skrúfu í hjámiðja gatskífu á fremri enda aurhlífa og snúa henni þar til óskaðri hæð er náð.

Hæð aurhlífa er miðuð við hæð drifhjóla.



Stillanlegir armar

Þegar stillingum drifhjóla er breytt getur einnig þurft að breyta stillingum á stólörmmum. Hæð armanna er stillt með því að ýta á takka gegnum rörstólpi á stólnum (mynd 29) með blýant eða penna og lyfta arminum upp eða niður.



Hæðarstilling á fótplötu

Hægt er að stilla fjarlægðina frá sessu niður á fótafjöl.
Losið upp á skrúfunum fjórum innanvert á framgaffli stólsins (mynd 36)
og rennið fótplötunni til þar til rétt lengd er fengin. Gætið þess að
fótplatan sitji rétt og skörunin sé eins á báðum hliðum. Minnsta skörun
er 60 mm (sjá merki á fótplötum).
Herðið skrúfurnar vel að nýju.



Að breyta vinkli milli baks og setu

Leggið bakið niður og losið aftari skrúfuna á báðum hliðahlífum og
hallið þeim aftur til að komast að gataplötunni (mynd 44). Takið
skrúfurnar úr plötunni og setjið bakið í óskaða stöðu. Festið að nýju
með skrúfunum og herðið vel. Gangið að nýju frá hliðarhlífum.




Stillingar á sethæð

Losið alveg báðar skrúfurnar (mynd 40) og fjarlægið U- boltana, öxullin er þá alveg laus.

Setjið öxulinn í óskaða hæð og setjið saman að nýju.

Gætið þess að hallaskinnurnar A og mótstykkið B sitji rétt.

Herðið vel. Breytið einnig stillingu framhjóra.



Almenn umhirða

Þrifið sessu, bak- og setdúk með heitu vatni og sápu. Skolið vel með vatni og látið þorna í vel loftræstu rými.

Plasthlutir, grind og hjól má þrifa með mildri sápu og látið þorna vel.

Athugið að Blizzard hjólastólarnir eru ekki árekstrarprófaðir.